

Erindisbréf

starfshópur um endurskoðun á starfsumhverfi kjörinna fulltrúa
hjá Hafnarfjarðarbæ.

Hlutverk:

Meginverkefni hópsins er að endurskoða starfsumhverfi kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ samþanber samþykktu tillögu forsetanefndar.

Á fundi forsetanefndar 30. september 2016 var eftirfarandi tillögu nefndarinnar vísað til bæjarráðs:
„Það er sameiginleg tillaga forsetanefndar að hlutfall af þingfararkaupi verði útfært á þann veg að ekki leiði til hækkana sbr. fylgiskjal. Nefndin er sammála um að tenging við þingfararkaup sé í samræmi við nýlegar tillögur og viðmiðunartöflu frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga. Frekari breytingar á launum og starfshlutfalli telur nefndin þurfa að vera í samhengi við endurskoðun á starfsumhverfi kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ. Forsetanefnd leggur til við bæjarráð að settur verði saman starfshópur sem fái það hlutverk.“ Bæjarráð samþykkti tillöguna 6. október 2016.

Starfshópurinn skal hefja störf í desember 2016 og miða við að skila niðurstöðu 1. febrúar 2017.

Starfshópurinn starfar í umboði bæjarráðs.

Skipulag:

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Skipan hópsins:

Fulltrúar skulu vera frá öllum flokkum í bæjarstjórn.

Bæjarráð skipar eftirtalda í hópinn:

Einar Birkir Einarsson, Bjartri framtíð, formaður

Helga Ingólfssdóttir, Sjálfstæðisflokki

Margrét Gauja Magnúsdóttir, Samfylkingu

Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir, Vinstri grænum.

Starfsmaður hópsins er mannauðsstjóri.

Samþykkt í bæjarráði, 1. desember 2016